

Nd.

896. Nefndarálit

[30. mál]

um frv. til l. um lyfjadreifingu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Þetta frv. var afgreitt frá efri deild 30. apríl og tekið samdægurs til l. umræðu í þessari hv. þingdeild og vísað til nefndarinnar.

Í dag var frumvarpið rætt í nefndinni og kom Ingolf Petersen deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á fund nefndarinnar til viðræðna um efni frv. Við undirritaðir þingmenn Sjálfstæðisflokksins teljum að hér sé um efnismikið og vandmeðfarið frv. að ræða sem nefndin hefði þurft að kynna sér nákvæmlega með tilliti til þeirra umsagna um málið sem nefndinni í efri deild höfðu borist. Formaður nefndarinnar í Nd. lagði mikið kapp á að afgreiða málið á þessum fundi og stóðu báðir fulltrúar Framsóknarflokksins með formanni nefndarinnar að afgreiðslu málsins, þó enginn tími sé til að kynna sér það til hlítar. Mátti þó ætla að til þess gæfist tími, því að skv. frv. á það ekki að taka gildi fyrr en um áramót.

Með tilvísun til þess, að nefndin fær ekki tíma til að afgreiða þetta mál með þinglegum hætti, treystum við okkur ekki til að mæla með afgreiðslu málsins, þó margt sé til bóta í frv. frá gildandi lögum, og hefðum talið edlilegra að frv. yrði endurflutt í byrjun næsta þings og að því stefnt að afgreiða það á þessu ári.

Alþingi, 4. maí 1982.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Ragnhildur Helgadóttir.